

Kópavogi, 5. mars 2020.

Ágæti skólastjóri.

Menntamálastofnun vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum vegna samræmdra könnunarprófa í næstu viku.

Prófkóðar tilbúnir í Skólagátt

Prófkóðar nemenda eru tilbúnir til útprentunar í [Skólagátt](#) (þá má finna undir valmyndinni „Próf“). Við mælum með því að starfsmenn skóla prenti út blöðin með prófkóðanum (stærð A4) og hafi tilbúin á prófdag. Prenta skal út sérblað með prófkóða fyrir hvern nemanda og blað fyrir kennara með öllum prófkóðum. Athygli er vakin á því að nöfn og prófkóðar nemenda með undanþágur birtast einnig á heildarlistanum þar sem þeir fá sjálfkrafa prófkóða, ef þeir skyldu mæta á prófdag. Athugið að ekki má opna prófkóða annars nemanda eða nota prófkóða hjá nemanda sem ekki tekur prófið.

Opnun prófa á prófdag

Unnt verður að hefja próftöku frá kl. 8:00 á prófdögum. Prófunum verður lokað kl. 17:00, sem þýðir að nemendur mega ekki hefja próftöku síðar en kl. 14:00 (til að geta nýtt allan próftímann). Nemendur skrá sig inn þegar þeir eru sjálfir tilbúnir og þá hefst próftími hvers nemanda. Próftími fer ekki af stað fyrr en nemandi er kominn inn í prófið sjálf.

Innskráning í próf á prófdögum

Til að draga úr álagi á netkerfi skóla er hvatt til þess að nemendur hefji próftöku með ákveðnu millibili. Til dæmis má skipta nemendahópnum í fjóra hópa þar sem hver hópur hefur próftöku með 5 eða 10 mínútna millibili. Aðstæður eru ólíkar og eru skólastjórar hvattir til að útfæra þetta eins og hentar á hverjum stað.

Undirbúningur tækja

Fara þarf yfir þær tölvur sem verða notaðar við próftöku. Tryggja þarf að veflás sé uppfærður í nýjustu útgáfu og kanna hvort hann virki. Þá er einnig mikilvægt að uppfæra iPada í iOS 13. Ef spila á hljóðskrár í tölvum á prófdag (fyrir nemendur með stuðningsúrræði) er mikilvægt að tölvur séu prófaðar áður og tryggt að þráðlaust net skólans þoli álagið. Upp hafa komið hnökrar hjá skólum þegar margar spjaldtölvur, þar sem spilaðar eru hljóðskrár, eru tengdar við sama netbeininn (e. router).

Hjálpargögn í prófi

Leyfilegt er að nota vasareikni í öllu stærðfræðiprófinu. Athugið að ekki er leyfilegt að nota síma sem vasareikni. [Formúlublöð](#) má hafa útprentuð á borðum en einnig er hægt að nota rafræna útgáfu þeirra í prófinu sjálfu. Athugið að rafræn útgáfa formúlublaðsins er í tveimur hlutum fyrir iPada.

Á vef Menntamálastofnunar má finna [leiðbeiningar um framkvæmd](#), [gátlista skóla](#), [kynningarpróf](#) og [slóðina á prófið](#). Þar er einnig [viðbragðsáætlun](#) en skólar eru hvattir til að kynna sér hana vel. Við hvetjum ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna. Sími Menntamálastofnunar er: **514-7500** og netfang prófahópsins er **prof@mms.is**.

Verkföll hjá stéttarfélögum og útbreiðsla Covid-19 Kórónaveirunnar

Rétt er að nefna að verkföll hjá stéttarfélögum geta haft áhrif á fyrirlögn og framkvæmd könnunarprófanna. Þá kunna aðgerðir til að hefta útbreiðslu Covid-19 Kórónaveirunnar að hafa áhrif á skólastarf. Skólar og sveitarfélög eru hvött til að huga vel að þessum þáttum og gera viðeigandi ráðstafanir.¹

Menntamálastofnun hefur verið í samráði við ráðuneytið, fulltrúa sveitarfélaga og fleiri aðila um möguleg viðbrögð vegna þessara aðstæðna. Nú er m.a. verið að meta áhrif verkfalla á fyrirlögn prófanna. Áfram verður fylgst náið með stöðu mála og skólastjórnendur upplýstir ef teknar verða ákvarðanir um breytingar á framkvæmd prófanna.

Með góðri kveðju,
Guðrún Birna Einarsdóttir, verkefnisstjóri kynningarprófa.
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.

¹ Vegna þessa er m.a. vísað til fyrirmæla frá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og leiðbeininga sóttvarnalæknis. Nýjustu upplýsingar eru á vef Landlæknisembættisins: www.landlaeknir.is